

# Kynning vinnslutillögu vegna deiliskipulagsbreytinga í Seljalandshverfi

08.01.2025 | Fréttir



Líklegt svæði fyrir nýtingu jarðhita samkvæmt athugunum Íslenskra orkurannsóknna fyrir OV.  
Mynd: Loftmyndir/Verkís.

Ísafjarðarbær birtir til kynningar vinnslutillögu breytinga á deiliskipulagi Seljalandshverfis á Ísafirði, vegna nýtingar jarðhita, í samræmi við III. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila nýtingu jarðhitavatns og frekari jarðhitaleit ásamt nauðsynlegum innviðum vegna nýtingar jarðhitans. Markmið breytingarinnar er einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vanda verði til umhverfisfrágangs.

Byggingarmagn íbúðarhúsa minnkar frá gildandi skipulagi en í skipulaginu er gert ráð fyrir að mögulegt verði að nýta hluta svæðisins ofan Skógarbrautar fyrir íbúðarbyggð að lokinni jarðhitaleit.

Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum [Skipulagsgátt](#).

Ábendingar við tillögugerðina má senda inn í gegnum skipulagsgáttina eða til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar: [skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is) (mailto:skipulag@isafjordur.is) **til 7. febrúar 2025**. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má einnig fá hjá skipulagsfulltrúa.

Vinnslutillagan er aðgengileg á uppdrætti og greinargerð með forsendum breytinga á bæjarskrifstofum og á hér fyrir neðan:

## **Uppdráttur og greinargerð**

Opið hús verður haldið á umhverfis- og eignasviði Ísafjarðarbæjar, 4. hæð Stjórnsýsluhússins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði, föstudaginn 17. janúar 2025 kl. 10:00 til 12:00.

Vakin er athygli á því að aðeins er um að ræða vinnslutillögu breytinga á deiliskipulagi en ekki formlega auglýsingu.

## **Tengdar auglýsingar:**

[Kynning vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi – Nýting jarðhita í Seljalandshverfi](#)

(<https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/frettir-og-utgafa/frettasafn/kynning-vinnslutillogu-vegna-breytinga-a-adalskipulagi-nyting-jardhita-i-seljalandshverfi>).

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

[Aftur í fréttasafn](#)